

Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 20. mars 2018

Tilvísun ÞÍ: 2018022036/4.0

Tilvísun sendanda:

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um kosningar til Alþingis (kosningaréttur), þingskjal
156 – 89. mál**

Þjóðskrá Íslands vísar til erindis stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar Alþingis, dags. 22. febrúar sl., þar sem frumvarp til laga um breytingu á lögum um kosningar til Alþingis, nr. 24/2000 (kosningarréttur), 89. mál, þingskjal 156 er sent til umsagnar. Athugasemdir stofnunarinnar fara hér á eftir.


Almennar athugasemdir

Í frumvarpi þessu er lagt til að breyta framkvæmd kosningalaga er varðar kosningarétt íslenskra ríkisborgara sem búsettir eru erlendis. Samkvæmt núgildandi lögum um kosningar til Alþingis á íslenskur ríkisborgari, sem náð hefur 18 ára aldri og átt hefur lögheimili hér á landi, kosningarrétt í átta ár eftir að hann flytur lögheimili af landinu, talið frá 1. desember næstum fyrir kjördag sbr. 2. mgr. 1. gr. laganna. Að uppfylltum skilyrðum eins og nánar er lýst í 2. gr. er hægt að framlengja kosningarétt um fjögur ár í senn. Rétt er að áréttu að ákvæðinu hefur þrisvar verið breytt tímabundið með lögum nr. 7/2009, nr. 91/2016 og nr. 79/2017, en þá höfðu kosningar verið ákveðnar með þingrofi fyrir lok kjörtímabilanna. Með lögnum var íslenskum ríkisborgurum sem búsettir eru erlendis heimilað að sækja um að verða teknir á kjörskrá á grundvelli ofangreindra ákvæða þrátt fyrir að frestur til þess að sækja um það hefði runnið úr 1. desember árið á undan. Þessar lagabreytingar höfðu því í för með sér umtalsvert álag hjá Þjóðskrá Íslands við yfirferð á umsóknum. Vill stofnunin því benda á að verði ákveðið að breyta ákvæðum laga um kosningar til alþingis að því er varðar kosningarétt Íslendinga búsettra erlendis, þá telur stofnunin að það gæti verið til bóta að miða viðmiðunardag umsóknar við annan dag heldur en 1. desember árið fyrir

kosningar, en t.d. mætti miða umsóknarfrest við þann tíma er utankjörfundaratkvæðagreiðsla má hefjast eða jafnvel viðmiðunardag kjörskrár.

Í frumvarpi þessu er lagt til að hverfa frá núverandi framkvæmd á þann veg að íslenskur ríkisborgari sem er búsettur erlendis þurfi einungis að viðhalda kosningarétti sínum einu sinni. Með þessu muni það spara kjósanda og Þjóðskrá Íslands pappírsvinnu og einfalda umstang í kringum gerð kjörskrár. Þegar litið er til framkvæmdar þá kemur í ljós að helstu álagsþættir Þjóðskrár Íslands við umsóknir íslenskra ríkisborgara sem búsettir eru erlendis hafa komið upp þegar þing hefur verið rofið líkt gerðist 2009, 2016 og 2017 en við þær aðstæður hafa mun fleiri umsóknir borist heldur en þau ár sem alþingiskosningar hafa verið haldnar á reglubundnum tíma.

Hér að neðan er finna yfirlit yfir fjölda umsókna um að verða tekinn á kjörskrá frá Íslendingum sem búsettir eru erlendis eftir árum:



Fjöldi kjósenda á kjörskrárstofni fyrir alþingiskosningar 2013 og með lögheimili erlendis voru 12.757. Fjöldi kjósenda á kjörskrárstofni fyrir alþingiskosningar 2016 og með lögheimili erlendis voru 13.841 og fjöldi kjósenda á kjörskrárstofni fyrir alþingiskosningar 2017 og með lögheimili erlendis voru 13.461.

Í frumvarpinu sem nú er lagt fram er kveðið á um að kjósandi sæki einu sinni um að verða tekinn á kjörskrá eftir að hann flytur erlendis. Með þessu móti getur hann verið búsettur erlendis til fjölda ára en um leið haft áhrif á úrslit kosninga hér á landi á hverjum tíma. Vissulega er kerfið svona í dag, en hann þarf að viðhalda kosningarétti sínum á fjögurra ára fresti og veitir það nokkuð aðhald og viðheldur auk þess tengslum viðkomandi einstaklings við land og þjóð.


Þjóðskrá Íslands vill benda á skýrslu vinnuhóps um endurskoðun kosningalaga ásamt tillögu hópsins að frumvarpi til laga um breytingar á kosningalögum frá 10. ágúst 2016. Þar er ákvæðið um kosningarétt Íslendinga sem búsettir eru erlendis skýrt ítarlega og lagðar til breytingar á umsóknarferlinu til einföldunar. Í skýrslu vinnuhópsins er jafnframt að finna kafla um kosningaframkvæmdina á Norðurlöndunum þegar kjósandi er búsettur erlendis. Þar segir um dönsku kosningalögin að sá sem búsettur er erlendis lengur en í fjögur verður því aðeins tekinn inn á kjörskrá að hann uppfylli tilgreind skilyrði kosningalaga. Í norsku lögunum segir að kjósandi sem hefur verið búsettur erlendis skemur en í tíu ár verði tekin á kjörskrá í því sveitarfélagi þar sem hann átti síðast lögheimili. Þeir sem hafa verið búsettir erlendis lengur en í tíu ár verði að sækja um að verða teknir á kjörskrá hjá yfirkjörstjórn þess sveitarfélags þar sem þeir áttu síðast skráð lögheimili í. Samkvæmt sænsku kosningalöggjöfinni halda Svíar sem búsettir eru erlendis kosningarétti sínu í 10 ár frá þeim degi sem þeir fluttu frá Svíþjóð. Tíunda hvert ár þarf að senda inn umsókn um að vera tekinn inn á kjörskrá. Í Finnlandi, hafa finnskir ríkisborgarar sem búsettir eru erlendis rétt til þess að kjósa til finnska þjóðþingsins.

Að lokum mælir Þjóðskrá Íslands með því að umsóknarferli vegna umsókna um töku á

kjörskrá verði rafrænt þar sem kjósendi auðkennir sig með rafrænum skilríkjum eða með Íslykli útgefnum af Þjóðskrá Íslands. Rafrænt umsóknarferli myndi einfalda ferlið, stytta það og gera það öruggara en oft hefur komið fyrir að Þjóðskrá Íslands þurfi af hafna umsóknum um töku á kjörskrá vegna þess að þær eru of seint fram komnar. Í dag má segja að 85% til 90% umsókna Íslendinga búsettra erlendis um að vera tekinn á kjörskrá sem berist Þjóðskrá Íslands með rafrænum hætti, þ.e. með tölvupósti og því er pappírsmagn hverju sinni í lágmarki.

Þjóðskrá Íslands getur, sé þess óskað, mætt á fund stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar og útskýrt umsögn þessa frekar.

F.h. Þjóðskrár Íslands



Indriði Björn Ármannsson
Lögfræðingur